

U

UNGSVEIT SÍ

VORBLÓT STRAVINSKÍJS



24. SEPTEMBER 2017



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.

Tónleikarnir eru hljóðritaðir og verða sendir út mánudaginn 25. september kl. 19:00 á Rás 1.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Áætluð tímalengd: 35'

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA



SUN 24 SEP 17:00

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

UNGSVEITIN SPILAR VORBLÓT

Daniel Raiskin
hljómsveitarstjóri

Bernharður Wilkinson
aðstoðarstjórnandi

Ungsveit SÍ

EFNISSKRÁ

Ígor Stravinskij

Vorblót (Le Sacre du printemps, 1913)

Fyrri hluti: Inngangur – Vorboðar (Dans ungmeyjanna)
– Brottnámsleikur – Vordansar – Stríðandi ættbálkar –
Öldungurinn spaki – Dans jarðarinnar

Síðari hluti: Inngangur – Helgidans meyjanna – Hylling hinnar
útvöldu – Ákall til forfeðranna – Helgidans forfeðranna –
Fórnardans hinnar útvöldu

For information in English about today's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



UNGSVEIT SÍ

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur vakið verðskuldaða athygli en sveitin hlaut viðurkenninguna Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2016. Undanfarin átta ár hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins tekið þátt ár hvert á Ungsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitarinnar og náð undraverðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfæraleikara og hljómsveitarstjóra.

Markmið Sinfóníuhljómsveitarinnar með hljómsveitarskóla Ungsveitarinnar er að gefa tónlistarnemendum innsýn og vettvang til að kynnast hinum sífóníska heimi af eigin raun og njóta þjálfunar og leiðsagnar í hljómsveitarleik eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Hljóðfæraleikarar Ungsveitarinnar þurfa að standast prufuspil sem líkir eftir aðstæðum prufuspila hjá Sinfóníuhljómsveitinni.



Í Ungsveitinni eru gerðar strangar kröfur um faglega frammistöðu enda hafa tónleikar Ungsveitarinnar vakið eftirtekt fyrir samstilltan flutning og magnaða túlkun.

Hljómsveitin í ár er skipuð tæplega 100 hljóðfæraleikurum sem valdir voru úr stórum hópi ungmenna sem léku um sæti í sveitinni með prufuspili. Að þessu sinni var aðstoðarhljómsveitarstjóri á fyrstu æfingum sveitarinnar Bernharður Wilkinson. Að ári mun Daniel Raiskin aftur stjórna námskeiði Ungsveitar SÍ og verður tilkynnt um verkefnaval á næstu vikum. Prufuspil verða haldin vorid 2018.



ÁVARP KONSERT- MEISTARA USÍ 2017

SÓLRÚN YLFA INGIMARSDÓTTIR

Ég man eftir því sem barn að hafa séð himingeiminn myndast í gegnum tóna Stravinskíjs. Ég starði agndofa á risaæðlurnar leika lausum hala í teiknimynd Walt Disneys frá 1940, Fantasíu, þar sem Vorblótið leikur stórt hlutverk. Það er merkilegt að hugsa til þess að kraftmikil tónlistin hafi smogið svo vel inn í barnslegt minnið og sé nú framkölluð á nýjan leik af hljóðfæraleikurunum sem í ár skipa Ungsveitina.

Ungsveitin er eins og egg í hreiðri Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Í hreiðrinu hefur verið skapaður vettvangur fyrir ungmennalandslið í sinfóníuhljómsveitarleik. Það er mér sérstök ánægja og mikill heiður að fá að leiða svo stórbrotið verk í jafn flottum hópi, en Stravinskíj hefur alltaf heillað mig með sínum óútreiknanlegu, fersku og djörfu hugmyndum.

Bæði Bernharður Wilkinson og Daniel Raskin hafa á síðustu vikum ausið veglega úr viskubrunnum sínum til hljómsveitarinnar og gert það að verkum að nóturnar sem virtust í fyrstu vera samblanda ókunnugra (ó)hljóða eru nú loksins orðnar að heilsteyptu tónverki. Með aðstoð fagfólks úr Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur okkur tekist að endurskapa töfrandi listaverk. Það er ómetanlegt fyrir okkur tónlistarnemana að fá tækifæri til að spila í hljómsveit eins og Ungsveitinni og fá innsýn í starf Sinfóníuhljómsveitarinnar, svo ekki sé minnst á hvers konar fjársjóður það er að kynnast öllum tónverkunum í leiðinni.

Það er sannarlega mikil vinna sem liggur að baki tónleikunum, en það er metnaðurinn og samheldnin sem hefur komið okkur alla leið hingað í tónleikasalinn. Fyrir hönd allrar hljómsveitarinnar vil ég þakka hjartanlega fyrir fyrirtaks samstarf í meiriháttar verkefni!



DANIEL RAISKIN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daniel Raiskin hóf tónlistarnám á heimaslóðum í Sankti Pétursborg sex ára gamall og stundaði síðan framhaldsnám í víóluleik og hljómveitarstjórn við tónlistarháskóla borgarinnar. Á þeim árum sótti hann einnig tíma hjá Mariss Jansons, Neeme Järvi, Milan Horvat, Woldemar Nelson og Jorma Panula. Tvítugur að aldri yfirgaf hann heimalandið og hélt til frekara náms í Amsterdam og Freiburg þar sem hann aflaði sér viðurkenningar sem einn af fremstu víóluleikurum Evrópu, bæði sem einleikari og kammersúsikant. Hann ákvað síðan að snúa sér alfarið að hljómveitarstjórn og slóst brátt í hóp fremstu stjórnenda af yngri kynslóðinni.

Raiskin var aðalstjórnandi Rínar-fílharmoníunnar í Koblenz frá 2005 til 2016 og gegndi á árunum frá 2008 til 2015 sömu stöðu við Artur Rubinstein fílharmoníuna í Łódz í Póllandi. Hann kemur reglulega fram sem gestastjórnandi með hljómveitum í Evrópu, Asíu og Ameríku og má þar nefna Fílharmoníusveitina í Belgrad, Sinfóníuhljómveitirnar í Düsseldorf og Malmö, Mariinsky-hljómveitina, Mozarteumhljómveitina í Salzburg, Útvarpshljómveitina í Prag og Fílharmoníusveitirnar í Varsjá og Shanghai. Frá og með hausti 2017 er Raiskin aðalgestastjórnandi Fílharmoníuhljómveitarinnar í Belgrad og Sinfóníuhljómveitarinnar í Tenerife.

Raiskin hefur látið að sér kveða í óperuheiminum. Svo nokkur dæmi séu tekin, þá stjórnaði hann fyrir nokkrum árum Minskhljómveitinni í eftirminnilegri uppfærslu á *Don Giovanni* á Óperuhátíðinni í St. Margarethen í Austurríki. Óperunni *Carmen* stýrði hann hjá þýska óperufélaginu Opera Zuid og í Þjóðarleikhúsi Koblenz þar sem óperan *Nefið*, eftir Shostakovitsj, hljómaði einnig undir hans stjórn. Hljóðritanir Raiskins fyrir AVI-útgáfufyrirtækið með sellókonsertum eftir Korngold, Bloch og Goldschmidt ásamt Julian Steckel hlutu Echo Klassik-verðlaunin 2012 en nýlegar hljóðritanir hans af sínfóníu nr. 3 eftir Mahler og sínfóníu nr. 4 eftir Shostakovitsj hafa einnig hlotið lofsamlega dóma.

Daniel Raiskin kemur nú fram á Íslandi í þriðja sinn, en hann stjórnaði tvennum tónleikum með Sinfóníuhljómveit Íslands á síðasta starfsári.



ÍGOR STRAVINSKÍJ

VORBLÓT

Ekki er ofsögum sagt að *Vorblót* sé það tónverk sem mest áhrif hafði á framgang tónlistar á 20. öld. Franska tónskáldið Pierre Boulez kallaði það „fæðingavottorð nútímatónlistar“ og áhrifum þess á samtímann má helst líkja við þau sem sinfóníur Beethovens höfðu á 19. öld. *Vorblót* er enn eins og eldfjall í tónum, það býr yfir óendanlegum krafti til að stuða, æsa, hrella, koma úr jafnvægi. Hugmyndin að verkinu kviknaði vorið 1910. Samkvæmt endurminningum tónskáldsins, sem raunar ber að taka með fyrirvara, fékk hann augnabliks vitrun sem kom honum í opna skjöldu: „Ég sá í hugskoti mínu heiðna helgiathöfn – vitrir öldungar sitja í hring og horfa á unga stúlku dansa sig til dauða. Hún var fórn þeirra til friðþægingar guðum vorsins.“ Ári síðar gat Stravinskíj helgað sig hinu nýja verki af fullri alvöru. Þá fundaði hann með rússneska listmálaranum og fornleifafræðingnum Níkolaj Roeríkh og í sameiningu sömdu þeir atburðarásina á fáeinum dögum. Roeríkh var sérfræðingur í slavneskri sögu og þjóðfræðum, og hannaði búninga ballettsins og sviðsmynd auk þess að fara höndum um söguþráðinn. Hlutur hans í *Vorblóti* verður seint ofmetinn.

Ballettinn skiptist í tvo hluta og atburðarásin er á þessa leið. Í fyrri hlutanum („Koss jarðarinnar“) er vorinu fagnað. Ungar stúlkur stíga vordans og ættbálkurinn skiptir sér í hópa sem dansa saman. Inn á sviðið ganga hinir öldnu vitringar þorsins og sá elsti þeirra stöðvar dansinn. Öldungarnir blessa jörðina og því næst stígur ættbálkurinn „Dans jarðarinnar“ af miklum ákafa; þungum skrefunum er ætlað að vekja náttúruna af vetrardvala. Annar hluti („Fórinn“) fer fram að næturlagi. Ungmeyjarnar stíga seiðandi hringdansa sem hafa þann tilgang að velja fórnarlamb, stúlku sem mun láta lífið til að tryggja komu vorsins. Að lokum stendur ein stúlka eftir í hringnum, hálflomuð af ótta. Meyjarnar dansa henni til heiðurs og fela hana öldungunum. Hún dansar fórnardans í návist þeirra og hnígur að endingu lífvana niður.

Vorblót boðaði byltingu í mörgu tilliti – ekki síst í hljóðmáli, hryn og áferð. Stravinskíj notar víða í verkinu „samsetta“ hljóma – lætur tvo þríhljóma mynda einn þéttan, ómstríðan og margslunginn hljóma. Sem dæmi má nefna „Vorboða“-hljóminn fræga í fyrri hluta verksins, þegar tveir þríhljómar hljóma saman. Þótt hljómurinn sé nýstárlegur þá er það ekki síður athyglisvert hvað Stravinskíj gerir við hann. Hann er endurtekinn í sífellu en með óreglulegum áherslum sem varla er hægt að sjá fyrir.

Þrástef eru einnig áberandi í verkinu, lagbútar sem hljóma aftur og aftur óbreyttir, stundum margir í einu. Þeir gefa tónlistinni þráhyggjukennndan blæ og magna upp frumstæða og ógnvekjandi eiginleika hennar.

Af öllum nýjungum *Vorblóts* er hrynurinn þó róttækastur. Í flestum tónverkum er taktinum skipað þannig að þungt slag kemur með reglulegu millibili, til dæmis á öðru, þriðja eða fjórða hverju slagi. Hér leggur Stravinskíj upp með andstætt lögmál. Hreyfingunni er skipt niður í síendurtekin slög sem oft mynda óreglulegar lotur. Stundum eru nótnagildin sem liggja til grundvallar örstutt, og í lokadansinum er varla nokkur leið að sjá fyrir síkvikar breytingar á taktmynstrinu: 3/16, 2/16, 3/16, 3/16, 2/8, o.s.frv. Hér ruddi Stravinskíj nýja braut enda reyndist honum þrautin þyngrri að finna réttan rithátt fyrir tónlistina sem ómaði í höfði hans. Eins og hann komst sjálfur að orði: „Ég gat spilað tónlistina en vissi í fyrstu ekki hvernig ég ætti að festa hana á blað.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Það er vel við hæfi að íslensk ungmenni leiki *Vorblót* nú þegar 35 ár eru liðin frá því að verkið hljómaði á Íslandi í fyrsta sinn, þá einnig flutt af íslenski ungmennahljómsveit. Það var árið 1982 sem verkið var flutt í Háskólabíói á lokatónleikum „Zukofsky-námskeiðs“ sem haldið var undir leiðsögn bandaríska fiðluleikarans Pauls Zukofsky, en hann lést fyrr á þessu ári. Síðan hefur Sinfóníuhljómsveit Íslands leikið *Vorblót* sjö sinnum: árin 1985 (stj. Jean-Pierre Jacquillat), 1991 (Petri Sakari), 1995 (Osma Vänskä), 2001 (Sakari), 2004 (Vladimir Ashkenazy), 2007 (Rumon Gamba) og 2013 (Ilan Volkov). Orkester Norden lék verkið hér á landi sumarið 1998 og þeim flutningi stjórnaði Paavo Järvi. Þess má einnig geta að gerð verksins fyrir tvö píanó hefur hljómað á tónleikum hér á landi, fyrst í flutningi Gísla Magnússonar og Halldórs Haraldssonar á Listahátíð í Reykjavík 1978.

Þrátt fyrir ómstríða tóna og tíð taktskipti er *Vorblót* þó að vissu leyti hlustendavæn tónsmíð. Það gera ekki síst þjóðleg stefin sem hljóma annað slagíð verkið á enda og gefa því rússneskan blæ. Stravinskíj leitaði hér fanga í þjóðlagasafni kennara síns, Rímskíj-Korsakovs, en sótti einnig fimm stef í safn litháískra þjóðlaga sem prestur að nafni Anton Juszkiewicz tók saman og gaf út í Póllandi árið 1900. Það er þessi samruni þjóðlegra stefja og módernisma sem gefur *Vorblóti* svo sérstakt yfirbragð. Þó gerði Stravinskíj lítið úr þeim ytri áhrifum sem lágu til grundvallar hans eigin tónsmíð. Hann hélt því til dæmis stætt og stöðugt fram að aðeins eitt þjóðlag væri að finna í verkinu – fagottsólóið í upphafi – þótt sýnt hafi verið fram á að þau séu mun fleiri. „Ég hafði enga hefð til að styðjast við þegar ég samdi *Vorblót*,“ sagði hann. „Ég hafði ekkert nema eigin eyru til að hjálpa mér.“

Sögufrægur frumflutningur *Vorblóts* fór fram 29. maí 1913 í nýjasta leikhúsi Parísarborgar, Théâtre des Champs-Élysées. Tíðarandinn kallaði á óblíðar móttökur íhaldsafla á nýrri tónlist hvort sem var í París eða Vínarborg, eins og frumflutningurinn á *Altenberg-söngvum* Albans Berg aðeins tveimur mánuðum áður er til marks um; í því tilvikum þurfti raunar að slá af og aflýsa tónleikum. Uppþotið við frumflutninginn á *Vorblóti* hefur þó orðið frægast allra slíkra á spjöldum sögunnar. Hljómsveitarstjórinn Pierre Monteux lýsti atburðarásinni svo: „Áheyrendur voru þöglir fyrstu tvær mínúturnar. Þá fóru að heyrast öskur og óhljóð af svölunum, stuttu seinna höfðu þau breiðst út um allan salinn. Sessunautar tóku að lúskra hver á öðrum með hnefunum, gönguprikum eða hverju því sem hendi var næst. Brátt var reiðinni líka beint að dönsurunum og að lokum að hljómsveitinni, sem einmitt var að fremja stærsta glæpin. Öllu sem hönd á festi var fleygt í átt til okkar en við

héldum áfram að spila eins og ekkert hefði ískorist.“ Sjálfur kom Stravinskíj baksviðs mitt í öllum hamaganginum. Þá hafði Djagílev tekið upp á því að kveikja og slökkva ljósin í salnum til skiptis í lokatilraun til að koma á ró í salnum; Nízhínskíj stóð að tjaldabaki og hrópaði æfingánúmer í átt að dönsurinum í þeirri veiku von að þeim tækist að halda öllu saman. Lögreglan kom á staðinn um það leyti sem verkinu lauk en þá var tónskáldið flúið út um glugga baksviðs og ráfaði í öngum sínum um stræti Parísar.

Raunar voru það frumstæð spor dansaranna sem öllu uppnáminu fremur en tónlist Stravinskíjs. Ballettstjórnin Djagílev hafði falið ástmanni sínum, Vatslav Nízhínskíj, að semja sporin og þar tók hann nokkra áhættu. Nízhínskíj var 24 ára og ein skærasta stjarna ballettheimsins en var lítt reyndur sem danshöfundur. Helsta takmark hans með dansinum við *Vorblót* var að hann liti alls ekki út eins og ballett. Hreyfingarnar áttu að vera frumstæðar, kraftmiklar, næstum villimannslegar – eins langt frá hinni fágúðu balletthefð 19. aldar og hugsast gat. Tignarleg stökk og þokkafulla líkamsbeitingu var hvergi að finna. Þess í stað áttu dansararnir að vera innskeifir og stírdbusalegir í öllum hreyfingum, stappa klunnalega með fótunum og hoppa um sviðið með hokið bak. Enda skyldi engan undra að dansararnir skyldu þurfa yfir hundrað æfingar með píanói til að læra nýju hreyfingarnar.

„Ég hef hvorki fyrir né síðar fundið til þvílíkrar reiði,“ sagði Stravinskíj síðar um frumflutninginn. „Ég var gjörkunnugur tónlistinni, mér þótti vænt um hana og ég gat ekki skilið hvernig fólk sem aldrei hafði heyrt hana gat mótmælt henni að óreyndu.“ Ári síðar var *Vorblót* leikið á tónleikum í París og þá var annað upp á teningnum, hrifningin var slík að eftir tónleikana þyrptust þakklátir aðdáendur að tónskáldinu. Þar með voru örlög tónlistarinnar ráðin. *Vorblót* er nú fyrst og fremst sjálfstætt tónverk og það sem eitt sinn þótti óspilandi þykir sjálfsagður liður í inntökuprófum í sinfóníuhljóm sveitir um allan heim. Þrátt fyrir misvísandi yfirlýsingar tónskáldsins er ljóst að *Vorblót* átti sér langan aðdraganda og að áhrifin komu víða að. Það gerir byltingarkraft þess ekki vitund minni.

Árni Heimir Ingólfsson

VERKEFNI UNGSVEITAR SÍ

2009

Dmitríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 5
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2010

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 4
Rumon Gamba, hljómsveitarstjóri

2011

Gustav Mahler: Sinfónía nr. 5
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2012

Gustav Holst: Pláneturnar
Baldur Brönniman, hljómsveitarstjóri

2013

Hector Berlioz: Karnival í Róm
Claude Debussy: La mer
Edward Elgar: Sellókonsert
Sæunn Þorsteinsdóttir, einleikari
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2014

Pjotr Tsjajkovskíj: Rómeó og Júlía
Modest Músorgskíj: Myndir á sýningu
Petri Sakari, hljómsveitarstjóri

2015

Dmitríj Shostakovitsj: Sinfónía nr. 10
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

2016

Pjotr Tsjajkovskíj: Sinfónía nr. 5
Eivind Aadland, hljómsveitarstjóri

Verkefni Ungsveitar SÍ á Tectonics

Ungsveit á Tectonics 2013

Robert Ashley: In memoriam... Crazy
Horse – sífónía fyrir blásara og
strengjahljóðfærleikara
Stephen Montague: In memoriam Jim
Tenney fyrir stóran hóp hljóðfæra og/eða
radda
Ilan Volkov, hljómsveitarstjóri

Ungsveit á Tectonics 2014

Alvin Curran: Beams
Alvin Curran, hljómsveitarstjóri

Robyn Schulkowsky: Spunaverk
Robyn Schulkowsky, hljómsveitarstjóri

Ungsveit á Tectonics 2015

Hafdís Bjarnadóttir: Sveimur
Hafdís Bjarnadóttir, hljómsveitarstjóri



03-12^{OKT}

LOS ANGELES REYKJAVÍK

Á vordögum 2017 hélt Fílharmóníuhljómsveitin í Los Angeles umfangsmikla hátíð þar sem íslensk tónlist og íslenskir flytjendur voru í forgrunni. Listrænn stjórnandi hátíðarinnar ásamt hljómsveitarstjóranum Esa-Pekka Salonen var Daníel Bjarnason, staðarlistamaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sinfóníuhljómsveit Íslands lætur ekki sitt eftir liggja heldur blæs til tveggja vikna hátíðar þar sem tónlist frá Los Angeles skipar veglegan sess. Tónleikapassi með öllum tónleikum hátíðarinnar veitir þér besta verðið frá 10.240 krónum.

FM 05^{OKT} 19:30

LA/REYKJAVÍK



Í haust eru liðin 50 ár frá því að fyrst var efnt til kóræfingar í Menntaskólanum við Hamrahlíð undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur. Hamrahlíðarkórarnir hafa átt farsælt samstarf með Sinfóníuhljómsveit Íslands allt frá árinu 1975 og í tilefni afmælisins flytja kórarnir Sálmasinfóníu Stravinskíjs sem margir telja eitt helsta verk 20. aldar fyrir kór og hljómsveit. Tær og bjartur tónn kóranna hentar verkinu fullkomlega enda verkið samið fyrir ungar raddir. Einnig hljómar á tónleikunum nýr fiðlukonsert eftir John Adams með hinum heimsfræga fiðluleikara Leilu Josefowicz, en hljóðritun hennar af verkinu var tilnefnd til Grammy-verðlauna 2016.

PRÍ 03 ^{OKT} 19:30



KAMMERTÓNLEIKAR

LEILA JOSEFOWICZ

Leila Josefowicz hefur um áratuga skeið verið í fremstu röð fiðluleikara í Norður-Ameríku. Hún hefur átt farsælt samstarf við tónskáldið John Adams. Tónverk hans Road Movies er fjöruugt verk sem á að minna á ökuferð gegnum landslag sem breytist hægt – en breytist þó. Dökk og tilfinningaþrungin fiðlusónata Prokofievs er meðal helstu meistaraverka hans, samin í Sovétríkjunum á árum heimsstyrjaldarinnar síðari.

SUN 08 ^{OKT} 17:00



KAMMERTÓNLEIKAR

CALDER STRENGJAKVARTETTINN

Calder-kvartettinn frá Los Angeles er einn fremsti strengjakvartett Bandaríkjanna og hlaut hin virtu Avery Fisher-verðlaun árið 2014. Á efnisskránni verður tónlist eftir tvo höfunda sem búsettir eru í Los Angeles, hljómsveitarstjórnann heimsfræga Esa-Pekka Salonen og bandaríska tónskáldið Andrew Norman sem vakið hefur mikla athygli undanfarin ár. Einnig hljómar nýlegt verk sem Daníel Bjarnason samdi fyrir Calder-kvartettinn og Dauðinn og stúlkan eftir Schubert. Tónleikarnir eru haldnir í samstarfi við Kammermúsíkkúbbinn.

FIM 12 ^{OKT} 19:30



HOLLYWOOD/REYKJAVÍK

Á þessum tónleikum verður gægst í gullkistu kvikmynda-tónlistar frá Hollywood. Þar er af nógu að taka: Ben-Húr, Brúin yfir ána Kwai, Gone with the Wind og Breakfast at Tiffanys, auk þess sem leikin verða stef úr myndunum Súperman og Stjörnustríð eftir hinn sívinsæla John Williams. Hljómsveitarstjórinn Richard Kaufman hefur áratuga reynslu af störfum í Hollywood þar sem hann stjórnar tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti auk þess að koma fram með leiðandi hljómsveitum Bandaríkjanna.

UNGSVEIT SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

24. SEPTEMBER 2017

FIÐLA I

Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir
Johanna Brynja Ruminy
Ragnheiður Ingunn Jóhannsdóttir
María Emília Garðarsdóttir
Nikodem Júlíus Frach
Þórhildur Magnúsdóttir
Alma Katrín Einarsdóttir
Bjargey Birgisdóttir
Axel Bergsson
Elísa Elíasdóttir
Alda Áslaug Unnardóttir
Ása Jónsdóttir
Sigrún Eðvaldsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Mark Reedman

FIÐLA II

Steinunn Björg Böðvarðsdóttir
Móeiður Una Ingimarsdóttir
Pétur Björnsson
Vilborg Magnúsdóttir
Agnes Eyja Gunnarsdóttir
Páll Viðar Hafsteinsson
Rosalía Hanna Canales Cederborg
Ingibjörg Ásta Guðmundsdóttir
Bergþóra Kristínardóttir
Hekla Martinsdóttir Kollmar
Iðunn Einarsdóttir
Anna Margrét Jónudóttir
Jóhanna Vígðís Guðjónsdóttir

VÍÓLA

Steina Kristín Ingólfssdóttir
Gylfi Gudjohnsen
Fídel Atli Quintero Gasparsson
Finnur Jónsson
Klara Rosatti
Auður Indriðadóttir
Sarah Buckley
Una Sveinbjarnardóttir

SELLÓ

Sverrir Arnórsson
Sólveig Aðalbjört Guðmundsdóttir
Heiðrún Inga Guðmundsdóttir
Halldór Alexander Haraldsson
Hulda Kristín Hauksdóttir
Soffía Jónsdóttir
Þórey Einarsdóttir
Ragnheiður Helga Guðjónsdóttir
Ragnar Númi Gunnarsson
Elvar Bjarnason
Bergljót Vala Sveinsdóttir

KONTRABASSI

Dagur Bjarnason
Ásthildur Helga Jónsdóttir
Jón Hörður Jónsson
Hávarður Tryggvason
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Jóhannes Georgsson

FLAUTA

Kristín Ýr Jónsdóttir
Karen Helga Sigurgeirsdóttir
Ragnheiður Eir Magnúsdóttir
Dagbjört Erla Kjartansdóttir
Hugrún Lind Hafsteinsdóttir
Jóhanna Björk Snorraddóttir

KLARÍNETT

Birkir Örn Hafsteinsson
Iðunn Kristínardóttir
Stefán Ólafur Ólafsson
Kristín Jóna Bragadóttir
Kristín Þóra Pétursdóttir

ÓBÓ

Sigríður Arna Lund
Anna Luckas
Óssur Ingi Jónsson
Rögnvaldur Konráð Helgason
Peter Tompkins

FAGOTT

Arna Marín Thorarensen
Emilía Rán Benedíktsdóttir
Guðrún Erlendsdóttir
Berglind Bjarnadóttir
Hafey Lilja Hreinsdóttir

HORN

Guðmundur Andri Ólafsson
Erna Ómarsdóttir
Jón Hákon Richter
Erling Róbert Eydal
Þórunn Eir Pétursdóttir
Saga Rut Sunnevudóttir
Stefán Jón Bernharðsson
Frank Hammarin

TROMPET

Árni Daníel Árnason
Gunnar Kristinn Óskarsson
Birgitta Björg Guðmarsdóttir
Berglind Pétursdóttir
Kjartan Örn Styrkársson
Þórður Hallgrímsson

BÁSÚNA

Steinn Völundur Halldórsson
Gunnar Helgason
Sævar Breki Einarsson

TÚBA

Breki Sigurðarson
Þórunn Salóme Brynjólfssdóttir

PÁKUR

Helgi Þorleiksson
Maarja Nuut

SLAGVERK

Svanhildur Lóa Bergsveinsdóttir
Árni Jökull Guðbjartsson
Órvar Erling Árnason

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótta- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphia.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SKÓLAKORTIÐ SNILLD Í HVERRI VIKU



Nemendur 25 ára og yngri fá miða á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands samdægurs á 1.700 kr. með Skólakorti Sinfóníunnar. Hægt er að fá miða hvar sem er í salnum eftir því hvað er laust.

Þú sækir um kortið í miðasölu Hörpu eða á sinfonia.is/skolakort

TRYGGÐU ÞÉR SÆTI SINFONIA.IS